

Skýringar á helstu hugtökum í greinargerð

Aðalskipulag: Skipulagsáætlun sveitarfélags þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili. Þar er mörkuð stefna varðandi þéttleika byggðar og byggðamynstur. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag. Aðalskipulag skal fjalla um allt land innan viðkomandi sveitarfélags og er háð staðfestingu umhverfisráðherra og tekur gildi þegar staðfesting þess hefur verið birt í B - deild Stjórnartíðinda.¹⁾

Byggðamynstur - yfirbragð byggðar: Fyrirkomulag byggðar og landnotkunar, s.s. húsagerðir, hæð húsa, þéttleiki byggðar og tegundir landnotkunar.¹⁾

Bæjarkjarni: Bæjarkjarnar þjóna hverfum og borgarhlutum og sinna daglegum þörfum íbúanna en þjóna einnig nánasta umhverfi.⁴⁾

Deiliskipulag: Skipulagsáætlun fyrir afmörkuð svæði eða reiti innan sveitarfélagsins sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess.^{1) 3)}

Efnistökusvæði: Efnistökusvæði eru þau svæði á landi, í sjó eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka, s.s. malarnám, grjótnám, sandnám, gjallnám eða vikurnám.^{2) 3)}

Framkvæmdaleyfi: Meiri háttar framkvæmdir, sem hafa áhrif á umhverfið og breyta á mynd þess, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum.^{1) 3)}

Græni trefillinn: Skipulagsáætlun sem miðar að því að koma á samfelldu skógræktar- og útivistarsvæði sem nær frá Esjuhlíðum til Hafnarfjarðar. Græni trefillinn markar jafnframt vaxtarmörk þéttbýlissvæðis Reykjavíkur. Innan Græna trefilsins er ekki gert ráð fyrir byggð nema í tengslum við útivistarstarfsemi.

Landnotkun: Ráðstöfun lands til mismunandi nota, svo sem undir íbúðir, iðnað, verslun, útivist, landbúnað.²⁾

Landnotkunarflokkur: Landnotkunarflokkur segir til um hvaða landnotkun er heimil á tilteknum landnotkunareit.²⁾

Landnýting: Samheiti yfir mælikvarða á hversu mikil landnýting er, svo sem nýtingarhlutfall, þéttleika byggðar og ítölu.¹⁾

Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda: Mat á áhrifum tiltekinna framkvæmda á umhverfið, sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Meginkjarni - landskjarni: Landskjarni-meginkjarni þjónar landinu öllu en jafnframt borgarhlutum, hverfum og/eða sveitarfélögum.⁴⁾

Nýtingarhlutfall: Hlutfall milli heildargólfatar á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits.^{1) 3)}

Umhverfismat við skipulagsgerð: Í svæðis- og aðalskipulagi skal gera grein fyrir áhrifum áætlunarinnar, einstakra markmiða hennar og ráðgerðra framkvæmda á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, m.a. með samunburði þeirra kosta sem til greina koma. ^{2) 3)}

Sjálfbær þróun: Þróun samfélagsins sem tekur mið af vistfræðilegum, hagrænum, menningarlegum og félagslegum þörfum núlifandi og komandi kynslóða.²⁾

Skipulagsgreinargerð: Lýsing skipulagsáætlunar, þ.e. svæðis- aðal- eða deiliskipulags, þar sem gerð er grein fyrir stefnu og ákvörðunum um landnotkun og þróun byggðar.¹⁾

Skipulagsmarkmið: Meginmarkmið og almenn stefna skipulagsáætlunar og markmið hennar í einstökum málaflokkum.²⁾

Skipulagstillaga: Tillaga eða skipulagsáætlun sem er sett fram í greinargerð og á uppdrætti. Aðalskipulag telst tillaga fram að endanlegri samþykkt sveitarstjórnar á skipulagsáætlun.¹⁾

Skipulagsuppdráttur: Uppdráttur sem sýnir fyrirhugaða notkun lands í samræmi við þá stefnumörkun sem kynnt er í skipulagsgreinargerð.²⁾

Sveitarfélagsuppdráttur: Skipulagsuppdráttur aðalskipulags sem nær til alls lands viðkomandi sveitarfélags og þar sem gerð er grein fyrir notkun lands utan þéttbýlis.²⁾

Svæði undir náttúruvá: Svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum.^{2) 3)}

Svæðiskjarni: Svæðiskjarnar þjóna borgarhlutum, hverfum og/eða sveitarfélögum en einnig nánasta umhverfi.⁴⁾

Svæðisskipulag: Skipulagsáætlun sem tekur yfir tvö eða fleiri sveitarfélög. Hlutverk svæðisskipulags er að samræma stefnu um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar á svæðinu á minnst 12 ára tímabili.^{2) 3)}

Vatnsverndarsvæði: Svæði sem njóta verndar samkvæmt ákvæði mengunarvarnarræglugerðar og reglugerðar um varnir gegn mengun vatns. Vatnsverndarsvæði eru flokkuð í þrjá flokka sem eru brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði.^{1) 3)}

Þéttbýlisuppdráttur: Skipulagsuppdráttur aðalskipulags sem nær yfir þéttbýli innan viðkomandi sveitarfélags.²⁾

Þéttleiki íbúðarbyggðar: Fjöldi íbúða á hektara alls lands íbúðahverfis brúttó, þá með talið land undir þjónustustofnanir, götur og útivistarsvæði.

Þjónustukjarni: Þjónar fyrst og fremst nálægum hverfum og sinnir daglegum þörfum íbúanna. Verslunarmiðstöðvar innan íbúðarhverfa.⁴⁾

Þróunaráætlun miðborgar: Stefnumfast og heildrænt skipulag fyrir miðborgina þar sem ákvarðanir, er varða landnotkun, notkun, ásýnd, umferð, húsvernd, útivist o. fl., eru settar fram. (*Þróunaráætlun Miðborgar*, Borgarskipulag, 6. júlí, 2000)